

Framkvæmdaáætlun Umhverfis- og samgöngunefndar

Samgöngumál

Nemendur Háskóla Íslands þurfa að komast á milli staða á skilvirkan máta, hratt og örugglega án óþarfa kostnaðar fyrir umhverfið og fjárhagslega fyrir þá sjálfa. Spáð er mikilli aukningu ferða um og í kringum háskólasvæðið, en Háskóli Íslands hefur mikla möguleika á því að búa til aðstæður fyrir fjölbreytta samgöngumáta sem hentar öllum og umhverfinu.

Markmið	Aðgerðir
<p>Stuðla að því að nemendur nýti sér umhverfisvænni samgöngumáta t.d. að hjóla, ganga og nýta sér almenningsamgöngur í stað einkabilsins</p>	<ul style="list-style-type: none"> ● Þrýsta á Strætó BS. og háskólann að stúdentar fái U-Passann. ● Þrýsta á Strætó BS og eigendur þess að Strætó skerði ekki þjónustu sína ● Pressa á viðeigandi aðila til að koma í veg fyrir þjónustuskerðinu almenningsamgangna og að flýta borgarlínunni í gegnum háskólasvæðið. ● Þrýsta á að bóksala stúdenta selji vörur sem styðja við þá sem nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta, t.d. lása fyrir rafmagnshlaupahjól og aukahluti fyrir reiðhjól. ● Þrýsta á að strætó gangi oftari háannatímum ● Hvetja strætó til þess að bæta leiðarkerfið utan höfuðborgarsvæðisins til að auðvelda fólki þaðan að taka strætó í skólann
<p>Aðgengilegra háskólasvæði fyrir þau sem nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta</p>	<ul style="list-style-type: none"> ● Fá fleiri hleðslustöðvar fyrir rafbíla á

	<p><i>háskólasvæðið</i></p> <ul style="list-style-type: none"> ● <i>Fá hleðslustöðvar/innstungur fyrir rafhjól/rafskútur í hjólaskýli</i> ● <i>Fá fleiri merka hjólastíga á háskólasvæðið</i> ● <i>Þrýsta á viðeigandi aðila um að taka niður girðingar á Hringbraut og setja upp gönguljós þar</i>
<p><i>Tryggja jafnan aðgang að námi fyrir nemendur sem geta ekki nýtt sér almenningsamgöngur í núverandi mynd</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> ● <i>Berjast fyrir því að gjaldskylda verði ekki lögð á stúdenta á meðan mótvægisáðgerðir eru ekki til staðar</i>

Skipulagsmál

Vel skipulagt háskólasvæði getur stuðlað að bættum lífskjörum og því mikilvægt að hugað sé vel að skipulagsmálum háskólans. Fjölga þarf almenningssvæðum, stytta vegalengdir og tryggja stúdentum bætt háskólasvæði með stefnu 15 mínútna borgarinnar að leiðarljósi

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
<p><i>Tryggja upplýsingaflæði til nemenda um þær skipulagsbreytingar sem verða á háskólasvæðinu</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> ● <i>Skipuleggja fleiri fyrirlestra til að kynna borgarlínuna, nýtt leiðakerfi strætó og hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar</i>
<p><i>Stuðla að þéttari háskólabyggð í anda stefnu 15 mínútna borga</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> ● <i>Vinna að því að fá lágvöruverslun á háskólasvæðið</i> ● <i>Vinna að því að fá meiri þjónustu á háskólasvæðið</i> ● <i>Tryggja fleiri uppbyggingarreiti fyrir stúdentagarða á háskólasvæðinu</i> ● <i>Bæta almenningssvæði háskólans til að upphífa ásýnd hans og auka ánægju nemenda</i>
<p><i>Leita leiða til þess að auka öryggi</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> ● <i>Fá fleiri gangbrautir á</i>

<i>háskólasvæðisins fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur</i>	<i>háskólasvæðið</i> <ul style="list-style-type: none"> • <i>Vinna að því að fá gulmerktan kant á Sturlugötu á milli Öskju og Grósku</i> • <i>Fá fleiri ljósastaura á illa upplýsta göngustíga háskólasvæðisins</i>
--	---

Umhverfisvitund

Háskóli Íslands er einn stærsti vinnustaður landsins. Ríkisstofnanir þurfa að vera ábyrgar í umhverfismálum og eru stúdentar og starfsfólk háskólans ekki undanþegin og þurfa að sýna gott fordæmi í þessum málum.

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
<i>Auka fræðslu um umhverfismál og vekja athygli á umhverfisvænni lifnaðarháttum</i>	<ul style="list-style-type: none"> • <i>Skipuleggja fyrirlestra og útbúa plaköt tengd umhverfismálum</i> • <i>Herferðir varðandi umhverfismál á Instagram og Facebook</i> • <i>Þrýsta á HÍ að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum</i>
<i>Halda fleiri viðburði til að stuðla að fræðslu í umhverfis- og samgöngumálum</i>	<ul style="list-style-type: none"> • <i>Veganvika</i> • <i>Skiptifatamarkaður</i> • <i>Samgönguvika</i> • <i>Umhverfisvika</i> • <i>Flokkunarvika</i> • <i>Loftslagsvika</i> • <i>Umhverfisdagur SHÍ</i>
<i>Vinna í samstarfi með FS og HÍ að umhverfisvænnu háskólasvæði</i>	<ul style="list-style-type: none"> • <i>Viðhalda úrvali vegan valkosta í Hámu</i> • <i>Viðburðir á vegum HÍ bjóði ekki upp á einnota drykkjarmál</i>

Neysla og úrgangur

Neysla og úrgangur er einn helsti þáttur í umhverfismálum þar sem almenningur getur látið

til sín taka og látið gott af sér leiða. Til að lágmarka mengunarspor Háskólans og efla umhverfisvitund nemenda og starfsfólks vill SHÍ að háskólasamfélagið leggi sitt af mörkum við að minnka ruslframleiðslu.

Markmið	Aðgerðir
Betrunbæta flokkunarkerfi	<ul style="list-style-type: none"> ● Setja blindraletur á allar flokkunartunnur ● Fækka svörtum/almennum tunnnum ● Finna leiðir til að fá fólk til að auka flokkun t.d með því að setja upp plaköt, birta á Instagram og Facebook, og halda kynningar um árangur og stöðu flokkunar innan HÍ ● Kynna fyrir nemendum og starfsfólki áhrif einnota umbúða ● Fá fleiri lífrænar tunnur í byggingar HÍ
Auka flokkun á stúdentagörðum	<ul style="list-style-type: none"> ● Tryggja að FS upplýsi íbúa á stúdentagörðum um flokkun samkvæmt nýjum lögum ● Láta einfaldar flokkunartunnur fylgja með öllum stúdentaíbúðum ● Fá dósaskilasjálfsala á háskólasvæðið þannig að stúdentar geti fengið greitt fyrir endurnýttar dósir/flöskur
Stuðla að minni notkun pappírs og einnota umbúða í HÍ	<ul style="list-style-type: none"> ● Auka rafræn skil og rafræn próf og hvetja kennara til að leyfa rafrænar glósur í staðin fyrir að láta prenta út ● Ýta á aðstöðu til að þrifa fjölnota ílát, t.d. á Háskólatorgi ● Auka sýnileika grænna kaffikorta með auglýsingum á Instagram og Facebook ● Hvetja Hámu til að sleppa einnota bollum í viku/lengur
Auka vegan úrval í Hámu og sjálfsölum í HÍ	<ul style="list-style-type: none"> ● Þrýsta á Ölgerðina um að bæta úrval vegan valkosta í sjálfsölunum í HÍ ● Halda áfram að ýta á FS um að bjóða upp á meira og fjölbreyttara úrval af vegan valkostum

Grænfánaverkefnið

Háskóli Íslands flaggaði Grænfánanum í fyrsta skipti árið 2020. Markmið Grænfánans er að auka umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og að styrkja umhverfisstefnur skóla.

Verkefnið er mikilvægur liður í því að sýna að HÍ sýni ábyrgð í umhverfismálum. Við viljum halda þessari stefnu og tryggja Háskólanum Grænfánann á ný árið 2024.

Markmið	Aðgerðir
Tryggja Háskóla Íslands Grænfánann	<ul style="list-style-type: none">• Búa til markmið og framkvæmdaáætlun• Vinna út frá þeim markmiðum